

**Ed.**

**913. Breytingartillögur**

[252. mál]

við frv. til l. um fjarskipti.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Ráðherra sá sem fer með fjarskiptamál getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

2. Orðið „smíða“ í 1. mgr. 3. gr. falli niður.

3. Í stað fyrri másl. 6. mgr. 3. gr. komi: Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu notendabúnaðar og skal hún þá láta fylgja synjuninni tilvitnun í þá reglugerð sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar.